

**11. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
8. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ingibjörg Pálmadóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Arnheiður G Andrésdóttir ráðgjafaproskapjálfi.

**Fundargerð ritaði:** Jón Hrói Finnsson, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1304195 - Búsetuþjónusta fatlaðra, kortlagning og greining**

Arnheiður Andrésdóttir mætti á fundinn og kynnti niðurstöður úr kortlagningu á búsetuþörf fatlaðra ungmenna sem unnin var í apríl 2014 og fór yfir breytingar sem orðið hafa síðan kortlagningin var unnin.

**2. 1502159 - Svör við fyrirspurnum Velferðar- og mannréttindaráðs frá 18. febrúar 2015.**

Þann 18. febrúar 2015 óskaði Velferðar- og mannréttindaráð eftir upplýsingum um fjölda fatlaðra barna, sem eru bæði með samþykktir fyrir félagslegri liðveislu og þjónustu stuðningsfjölskyldu. Einnig óskaði ráðið eftir samanburðartölum frá öðrum sveitarfélögum um upphæð greiðslna fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldna.

*Lagt fram minnisblað með umbeðnum upplýsingum.  
Arndís vék af fundi að lokinnin umræðu um þennan lið.*

**3. 1503233 - Virkjum hæfileikana - samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar**

Lagt fram til kynningar bréf Vinnumálastofnunar, Öryrkjabandalagsins og Landssamtakanna Þroskahjálpar sem fulltrúar þessara aðila afhentu bæjarstjóra á fundi þann 26. mars sl. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna verkefnið "Virkjum hæfileikana - alla hæfileikana".

**4. 1503206 - Nýtt mat á þjónustuþörf**

Vísað til Velferðar- og mannréttindaráðs á teymisfundi í málefnum fatlaðra 7. febrúar 2015.

Fyrir liggur mat á þörf barns fyrir félagslega liðveislu vegna fötlunar. Þörfin er metin umtalsvert umfram þær heimildir sem teymi í málefnum fatlaðra hefur til úthlutunar.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að veita liðveislu skv. ráðleggingum starfsmanna Velferðar- og mannréttindasviðs.*

**5. 1504015 - Skagastaðir 2015**

Lagðar fram tillögur sviðsstjóra Velferðar- og mannréttindasviðs um starfsemi Skagastaða.

Sveinborg L. Kristjánsdóttir mætti á fundinn. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögur sviðsstjóra en vísar þeim til bæjarráðs þar sem þær fela í sér útgjöld umfram samþykktu fjárhagsáætlun.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

Vilborg P. Guðbjartsdóttir  
Einar Þorvaldur  
Gunnhildur Þi.  
Fugl, Pálmarsson  
Jónsson